

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. nóvember 2022

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði

Lagt er til að velferðarráð samþykki að setja sér vinnureglu er varðar fyrirspurnir til ráðsins. Lagt er til að formanni ráðsins sé heimilt að vísa frá fyrirspurn sem þar fyrirspurnir snúa að upplýsingum sem eru nú þegar aðgengilegar kjörnum fulltrúum á vefsíðu Reykjavíkurborgar og/eða auðsóttar á veraldarvefinn. Einnig er lagt til að fyrirspurnir fylgi sömu reglum og fram koma í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Þar kemur fram að fyrirspurnir skuli að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Í siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að kjörnir fulltrúar kynni sér málin og komi undirbúnir til starfa, jafnframt kemur fram að við förum vel með fjármuni borgarinnar og eignir hennar. Kjörnir fulltrúar hafa alla jafnan greiðan aðgang að starfsfólki borgarinnar og gögnum á þar til gerðum vefsvæðum. Upplýsingaréttur kjörinna fulltrúa getur ekki talist óheftur og mikilvægt að honum sé ekki beitt þannig að hann hafi takmarkandi áhrif á daglega stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélagsins við íbúa líkt og fram kemur í frumvarpi sveitastjórnarlaga.